

AÐALFUNDUR HRAUNBÚA

28. 02. 2023

Fundur settur kl: 20:15

Fundi slitið kl: 20:50



Fundur settur – kosning fundarstjóra og fundarritara

Erna Mjöll Grétarsdóttir setti fundinn og bauð sig fram sem fundastjóra. Samþykkt með lófaklappi úr sal. Erna stakk upp á Hörpu Kolbeinsdóttur sem ritara. Samþykkt með lófaklappi úr sal.

Skýrsla stjórnar

Bjarni Freyr Þórðarson kynnti skýrslu stjórnar, skýrslan var einnig í fjölríti í sal. Bjarni var mjög ánægður með starfsárið og fór yfir mikið og gott starf, mikla fjölgun skáta í félaginu, gott vormót og vel heppnaðan útilífsskóla.

Skýrsla skátasveita

Skýrslur skátasveita eru í árskýrslu félagsins og lágu frammi í sal á fundinum. Foringjar komu í pontu og stikluðu á stóru í starfi sinna sveita.

Erna Mjöll Grétarsdóttir sagði frá starfi dróttskáta.

Valdís Huld Jónsdóttir sagði frá starfi rekkaskáta.

Thelma Karen Bjarnfinnsdóttir sagði frá starfi fálkaskáta.

Ásrún Jóhannesdóttir las skýrslu drekaskáta fyrir hönd drekaforingja sem voru ekki viðstaddir fundinn.

Harpa Kolbeinsdóttir sagði frá starfi fjölskylduskáta.

Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir las skýrslu Ferðbúans.

Guðmundur Sigurðsson sagði frá starfi skálanefndar og sýndi teikningu að nýjum skála.

Sandra Björk Bragadóttir sagði frá útilífsskólanum.

Umræður um skýrslur

Thelma Karen spurði Guðmund hvort að nýji skálinn myndi rýma fálkaskátasveitina eins og hún er í dag, 30-35 skáta. Guðmundur svaraði að það yrði rými fyrir auka dýnur og stóla til að bæta við skátum ef margir eru í útilegu. Engar frekari umræður um skýrslurnar.

Ársreikningur 2022

Guðmundur Sigurðsson gjaldkeri kom í pontu og kynnti ársreikninginn. Hann sagði frá því að ekki hefði tekist að ganga alveg frá ársreikningnum og að skoðunarmenn reikninga hefðu ekki skoðað ársreikninginn ennþá. Í ársreikningnum eru tvær villur, það er röng stjórn á forsíðunni og það á eftir að færa reikninga fyrir rúmlega áttahundruð þúsund á rétta staði.

Umræða um ársreikning

Guðni Gíslason gerði athugasemd við fyrirlögn reikninga og benti á að þessi vinnubrögð væru ekki til eftirbreytni. Guðmundur svaraði að umfang gjaldkera væri orðið mjög mikið og erfitt að sinna starfinu í sjálfboðastarfi. Hann minntist á að erfiðara væri að sinna gjaldkerastarfinu þegar enginn starfsmaður væri hjá Ferðbúanum líkt og undanfarið. Erna Mjöll lagði til að fundurinn myndi samþykkja reikningana með fyrirvara um að villur yrðu lagaðar og skoðunarmenn samþykkja þá. Fundurinn samþykkti með handauppréttingu. Enginn á móti.

Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir.

Kynning á nýjum frambjóðendum til stjórnar

Engin ný framboð í stjórn og því enginn nýr frambjóðandi kynntur.

Kosning stjórnar

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn, engin mótframboð. Á fundinum var félagsforingi kosinn til tveggja ára, ritari til tveggja ára og tveir meðstjórnendur til tveggja ára (Kristján og Guðrún). Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn skátafélagsins, engin mótframboð.

Félagsforingi: Bjarni Freyr Þórðarson

Aðstoðarfélagforingi: Ásrún Jóhannesdóttir

Gjaldkeri: Guðmundur Sigurðsson

Ritari: Harpa Kolbeinsdóttir

Meðstjórnendur: Guðrún Stefánsdóttir, Guðvarður Björvin Fannberg Ólafsson og Kristján Þórðarson

Kosning varamanna

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir varamenn í stjórn, engin mótframboð.

Varamaður 1 –Bragi Reynisson

Varamaður 2 – Erna Mjöll Grétarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir skoðunarmenn reikninga, engin mótframboð.

Elfa Björg Aradóttir

Örn Tryggvi Johnsen

Kosning í laganevnd

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í laganevnd, engin mótframboð.

M. Betty Jónsdóttir

Geir Gunnlaugsson

Dóra Magnea Hermannsdóttir

Kosning þriggja manna í uppstillingarnevnd

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í uppstillingarnevnd, engin mótframboð.

Harpa Hrönn Grétarsdóttir

Sindri Friðriksson

Erna Mjöll Grétarsdóttir

Kosning formanns skálanefndar

Guðmundur Sigurðsson var kosinn, engin mótframboð.

Önnur mál

Bjarni kom í pontu og lagði til að félagsgjöld yrðu hækkuð. Hann lagði til að félagsgjöld yrðu 52000kr fyrir dreka-, fálka-, og dróttskátasveitirnar. Þetta er hækkun uppá 4000kr frá síðasta ári og fylgir vísitölu neysluverðs. Tillaga Bjarna var samþykkt.

Fundi slitið

Erna Mjöll, fundastjóri, sleit fundinum.

Harpa Kolbeinsdóttir

Ritar fh. Stjórnar